

Haustrundur 2005

Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna
"Fína félagið"

Haustrundur haldinn í Bókasafni Mosfellsbæjar / Listasal Mosfellsbæjar
Föstudaginn 14. október 2005

Fundarstjóri Anna Sigríður Einarsdóttir, Bókasafni Hafnarfjarðar
Fundarritari Helga Jónsdóttir, Bókasafni Mosfellsbæjar

1. Marta Hildur Richter, Bókasafni Mosfellsbæjar, bauð fundarmenn velkomna, sagði lítillega frá nýju húsnæði Bókasafnsins.

Fundarmenn kynntu sig þvínæst. Marta bauð þá Önnu Sigríði að taka við fundarstjórn.

2. Sunna Njálisdóttir, Bókasafni Grundarfjarðar: **Sérstaða lítilla bókasafna.**

Sunna byggði erindi sitt á prófritgerð sinni, Almenningsbókasöfn í rafrænu samfélagi.

Hún ræddi um styrk og veikleika lítilla safna. Styrkur lítilla bókasafna er að vissu leyti fámennið, allir þekkjast, samskipti ættu að vera auðveldari, einfaldara að ná til nýrra íbúa. En erfitt er að reka lítil bókasöfn vegna skorts á fjárframlögum. Þannig er fámennið einnig veikleiki lítilla bókasafna. Hún tók mið af stöðunni í sinni heimabyggð. Enn barist við gamlar ímyndir bókararða/-safna, fólk er upptekið af "varðar"-hlutverki starfsmanna. Samvinna stofnana er ekki nógu öflug, eins og aðrar stofnanir átti sig ekki á þeirri auðlind sem bókasafnið getur verið.

Í lítil söfn vantar fagmenntun, þyrfti að vera einn samræmingaraðili á landsvísu.

Umræður:

Spurt var út í samvinnu safna á svæðinu. Heillavænlegra er að vinna saman heldur en treysta á sveitarstjórnarmenn. Bent var á að samvinna væri yfirleitt alltaf á persónulegum grundvelli, það væri undir söfnunum sjálfum komið og virkaði ekki nema persónulegt samband væri gott. Nefnt var sem dæmi um gott samstarf safna

"Millireykjasambandið", samtök safna í Garðabæ, Kópavogi, Hafnarfirði og Álftanesi. Það samstarf er að frumkvæði safnanna sjálfra, og eftir að það var hafið var málið kynnt í bæjarráðum – ekki fyrr - og þótti mjög jákvætt.

Það sem stoppar sveitarstjórnir af er kostnaður, það er jákvætt að finna upp á ýmsu, en það má ekki kosta neitt.

Einnig var minnst á samstarf um millisafnalán á Árnæssýslusvæðinu: Laugarvatn, Flúðir, Selfoss ofl. Þessi söfn fá styrk til þess að standa undir kostnaði við millisafnalán - styrkinn veitir SBS eða Kynniferðir-Austurleiðir og er hann í formi aksturs með bækurnar milli safna.

Fram kom að nýr framhaldsskóli er í Grundarfirði sem er ný stærð í almenningsbókasafninu. Skólinn er rekinn af ríkinu, en erfitt er um vik í samvinnu þegar rekstraraðilinn er ekki sá sami.

Lögð var áhersla á (og ekki í fyrsta sinn) að það vanti bókasafnaráð eða eitthvað í þá átt, sem væri ráðgefandi og samræmandi aðili á landsvísu, sbr. bókafulltrúa ríkisins. Vitnað var í samvinnu safna í Skandinavíu sem virðist nokkuð öflug og ekki bara milli almenningsafna, heldur almenningsafna og t.d. framhaldsskólasafna og ýmissa sérsafna.

Þar sem bókasafnið er lítið, er mikilvægt að vinna með stofnunum og félögum, finna nýjar lausnir í samvinnu.

Eitt og annað var lagt til málanna, m.a. að hentugt gæti verið að hafa félagasamtök og menningarstofnanir á sama svæði og góða samvinnu þar á milli. Bókasöfn ættu að vera "landamæralaus", til reiðu fyrir alla, óháð búsetu.

Talað var aftur um millisafnalán og hvernig að þeim er staðið. Eins hvernig ætti að sporna á móti því þegar sveitarstjórnir skera niður þjónustu sem hefur verið til staðar. Í því sambandi væri sameining sveitarfélaga oft varasöm. Bókasöfnin verða útundan í þeirri umræðu.

Sunna þakkaði síðan fyrir sig.

3. Ingibjörg Hjartardóttir Bókasafni Ólafsfjarðar: Námsverin inn í bókasöfnin.

Ingibjörg sagði erindi sitt ekki síður tengjast menntamállum en bókasafnamálum.

Ólafsfjörður er 1000 manna bær. Í litlum samfélögum er þjóðfélagsumræðan skarpari og allar andstæður greinilegri.

Vandamál lítilla samfélaga er m.a. menntunarleysi, skortur á aðgengi að menntun. En í tengslum við fjarnám breytast aðstæður. Hægt er að stunda námið í heimahéraði, í stað þess að þurfa að flytja annað. Hvað á að gera þar sem ekki er framhaldsskóli, hvar er hægt að hafa miðstöð fjarmenntunar? Í almenningsbókasöfnunum, upplýsingaveitunum. Í

lögum er þetta hlutverk almenningsbókasafna skilgreint. En hvernig er hlúð að almenningsbókasöfnum? Það fer eftir stærð sveitarfélagsins. Í litlum sveitarfélögum hangir starfsemin á lögunum og fáu öðrum. Svoleiðis söfn virka fremur sem útlánstöðvar og ekki annað. Og þau verða ekki langlíf. En með tilkomu fjarnáms gæti staðan breyst, námsver fengju aðstöðu í tengslum við bókasöfnin. Þetta er að verða veruleiki á Ólafsfirði núna, og verður eflaust til heilla fyrir safnið – sem og aðra. Sveitarfélögin vilja styðja við fjarnám, sá stuðningur nýtist best með því að fjarnám sé hýst í almenningsbókasöfnum. Ríki og sveitarfélag ættu að gera með sér samning um rekstur eða stuðning við fjarnám.

Umræður.

Rætt var um rekstur á námsverum, að það væri ekki mikill kostnaður, en stofnkostnaður er auðvitað nokkur, fjarfundabúnaður ofl. Fólk sem er í fjarnámi og vinnur heima er oft einangrað, og góður kostur er námsver, þar sem fólk hittist auk þess að vera í námi.

Ekki víst að sveitarstjórnir átti sig á þessum möguleika, sem einnig sparar peninga. Það er eins og hugmyndirnar þurfi að koma frá bæjaryfirvöldum. Sums staðar úti á landi hefðu söfn sóst eftir þessu hlutverki, en það ekki fallið í góðan jarðveg.

Etv þyrfti að endurnefna söfnin: Náms- og menningarmiðstöðvar!

Viðhorf starfsmanna gagnvart viðskiptavinum hefur gjörbreyst á undanförunum áratugum, frá því að vera “verðir” sem amast við lánþegum í það að opna söfnin, bjóða viðskiptavininn velkominn og vinna með honum.

Lögð var áhersla á að það væri lífsspursmál fyrir söfnin að auka starfsemina og opna fyrir fleiri möguleikum en lána út bækur. Það væri kannski ráð að “læða” þessum hugmyndum inn í námsefni sem farið er yfir á námskeiðum fyrir sveitarstjórnarmenn.

Kaffihlé

4. Þorgeir Ólafsson, Menntamálaráðuneyti: Hugmyndir ráðuneytisins um málefni almenningsbókasafna.

Þorgeir ræddi um skyldur ráðuneytisins við bókasöfn í landinu. Unnið hefur verið að því að koma ársskýrslum safna í rafrænt útgáfuform. Þróunarsvið ráðuneytisins sér um öll upplýsingamál – hefði kannski átt að eiga hér ræðumann. Þar fylgjast menn með Landskerfi og eru samstarfsaðilar Landskerfis.

Hann kom inn á lagasetningar. Fyrir liggur tilaga að frumvarpi að bókasafnslögum, lögum um almenningsbókasöfn og um Landsbókasafn-háskólabókasafn.

Við lagasetningu sagði hann vera tvo valkosti.

1. Rammalöggjöf um bókasafnsmál sbr. um leiklistarmál, þar sem er t.d. einn kafli um Þjóðleikhúsið.

Þannig mætti þá kannski að fella Blindrabókas og L-H inn í eitt frumvarp um bókasöfn. Verið er að skoða þennan kost.

2. Ein heildarlöggjöf um bókmenntir og bókasöfn, með ákvæði um stuðning við útgáfumál og rithöfunda, kaflar um sjóði og þess háttar. Hugmyndir um hvort ætti að slá öllum sjóðum saman – töluvert rætt í ráðuneytinu. Það sem mælir gegn heildarlöggjöf á þessu sviði er breytt staða bókasafna í þjóðfélaginu.

Þessi umræða er á lista yfir lög sem ráðuneytið hyggst leggja fram á því þingi sem nú stendur. Í nefnd sem stofnuð var um þessi málefni hafa setið Þóra Óskarsdóttir, Kristbjörg Stephensen, Marta Hildur Richter, Sigrún Klara Hannesdóttir og Þórdís Þórarinsdóttir. Eftir lögtæknilega meðferð verða hugmyndir ráðuneytisins aftur ræddar við þessa nefnd.

Ríkisvald má ekki setja lög sem íþyngja sveitarfélögum, nema sérstaklega sé um það samið við þau. Þetta setur ríkinu skorður, og sveitarfélög eru tortryggin.

Til er rammalöggjöf um söfn önnur en bókasöfn, þar sem söfnin þurfa að uppfylla vissar skyldur til að geta kallað sig minjasöfn. Menn telja að Alþingi geti sett sambærileg lög um almenningsbókasöfn. Ekki hefur þó verið rætt að sameina bókasöfnin öðrum söfnum.

Í þessu nýja frumvarpi eru 2 nýjungar, Þróunarsjóður og Bókasafnsráð.

Þegar safnalöggjöf var í undirbúningi var rætt hvort bókasöfn og skjalasöfn ættu þar heima, en menn töldu þau hafa það mikla sérstöðu að svo færi ekki. Þannig væru almenningsbókasöfn meiri þjónustustofnanir en t.d. minjasöfn og í skjalasöfnum væri ákveðinn rannsóknarpáttur sem ekki er hjá minjasöfnum.

Jákvæð viðbrögð eru frá ráðherra varðandi Bókasafnsráð, og vonir gerðar til að af þessu verði.

Þróunarsvið ráðuneytisins á fulltrúa í nefnd ríkisstjórnarinnar sem m.a. vinnur verkefni um upplýsingasamfélagið og er veitt talsverðu fé til þess, sem dreifist á ráðuneytin. Fjölbreytt verkefni, t.d. rafrænar undirskriftir, rafrænar umsóknir. Þar eru bókasöfn talin miðstöðvar og upplýsingaveitur samfélagsins. Ef næst að gera almenning hæfari til að nýta sér

tölvutækni, og hægt verður að koma menningararfinum á rafrænt form, t.d. öll verk listasafna færu á netið, tölvulæsi og –þekking væri aukin og bækur væru skannaðar inn ... Þá spyrja menn: Hvað verður um bókasöfnin?

Menn hafa horft til þeirra sem lykilaðila í upplýsingamálum – ef allt er komið á netið hvað þá?

Fundarmenn bentu á að fólk kemur í bókasafnið til að hitta annað fólk.

Rætt var um yfirstjórn menningarmála, misjafnt væri staðið að því. T.d. væri víða í Skandinavíu þannig fyrirkomulag að stjórn bókasafna væri jafnframt yfirstjórn menningarmála. Hér er þessu eiginlega öfugt farið, menningarmálanefndir eru oft látnar annast málefni bókasafna.

Fram kom að yfirvöld á landsvísu þyrftu að breyta sinni skoðun, en Þorgeir sagði hlutverk ríkisvaldsins takmarkað í þessum efnum. Það rekur landsbókasafn og blindrabókasafn og setur lög um þessa tilteknu starfsemi. En svo er það pólitísk ákvörðun að menn vilja styðja við þróunarstarf, upplýsingatækni og faglegan grundvöll. Þannig hafi safnaráð verið hugsað á sínum tíma, faglegur vettvangur.

Enn og aftur komið að þessari ákveðnu verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, erfitt er um vik að stofna samsteypur þar sem verksvið/valdsvið skarast.

Safnasjóður og Alþingi veita fé til minjasafna. Þar er ríkið að veita fé til starfsemi sem í raun er á könnu sveitarfélaga, því er þá ekki hægt að styrkja bókasöfn? Þarna er ákveðið ósamræmi í verkaskiptingu ríkis – sveitarfélaga.

Rætt hefur verið um nýbúa og uppbyggingu bókakosts fyrir þá, ráðherra væri vís með að vísa því til sveitarfélaga.

Umræður.

Spurt var hvort fagfélög sem hafa staðið sig mjög vel, gætu fengið rekstrarstyrk frá ráðuneytinu. Þorgeir svaraði því til að talsvert hafi verið rætt hve mikið ætti að styðja fagfélög. Og m.a. að veitt væri tiltekin fjárhæð sem félagið fengi til ráðstöfunar. Talað hafi verið um að fela fagfélögum ýmis stjórnsýsluhlutverk, t.d. umsjón með sjóðum.

En mótsagnir í því að hagsmunafélög fái styrki og séu einnig að vasast í stjórnsýslu.

Fram kom að ef ríkið setur lög hljóti það að vera ábyrgt fyrir málaflöknum og hafi einnig eftirlitshlutverk. Þorgeiri fannst þetta umhugsunarvert. T.d. ef sveitarfélag stendur sig illa, þá hefur ríkið strangt til tekið engin tæki til að bregðast við. Varðandi minjasöfn eru fjárveitingar þess konar tæki. En bókasafnaráð með sinn sjóð gæti etv virkað þannig í framtíðinni.

Spurt var hvort ekki mætti opna Blindrabókasafn fyrir fleirum en sjónskertum. Áhuginn væri mikill.

Þetta hefur víst verið skoðað í ráðuneytinu án niðurstöðu. Þarna skiptir höfundarréttur máli. Þorgeir benti á að fljótlega yrðialt uppleið efni aðgengilegt öllum á netinu.

Rætt var ýmislegt fleira og þá ekki síst staða bókafulltrúa og umsýsla ráðuneytisins með málefni bókasafn. Óánægja ríkir með að aldrei komi neitt frá ráðuneytinu, enginn hefur samband.

Málaflökurinn virðist nokkuð munaðarlaus nema að ákveðnir starfsmenn sjá um að taka við skýrslum og vinna úr þeim. Fyrirhugað bókasafnaráð mun sinna þessu hlutverki.

Þrátt fyrir að ríkisvaldið geti ekki skipt sér af, þá verður að mynda sambandi. Þorgeir var alveg sammála því að í þessum málum væri ófremdarástand. Sérkennilegt sinnuleysi yfirvalda gagnvart bókasöfnum hjá þjóð sem montar sig af ókmenntum og bókmenntaarfi.

Matarhlé kl. 13-14

5. Erla Lúðvíksdóttir Bókasafni Álftaness: Samsteypusöfn, blessun eða bölvun?

Á Álftanesi er lítið samsteypusafn. Erla rakti sögu safnsins, sem var í upphafi Lestrarfélag Bessastaðahrepps og var eins og víða annars staðar fyrsta “tómstundafélag” hreppsins. 1980 er safnið í fyrsta sinn nýtt sem skólasafn. Skólinn hefur þá algjöran forgang, og safnið er í skólastofu.

Vor 1998 tekur Erla við, þá er safninu ætlaður staður í nýbyggingu við skólann og flutt þangað. Hún sagði frá vinnunni og samvinnu við kennara sem hefur verið góð. Safnið er undir skólanefnd, sem er miður. Fundartími fer í skólamálin. Erfitt að tala um blessun – bölvun; heldur kosti – galla. Samnýting á bókakosti, búnaði og starfsfólki. Margt er jákvætt og skemmtilegt, en stundum erfitt að þurfa alltaf að lúta vilja og þörfum skólans, þar sem hann hefur forgang. Ekki neinn sveigjanleiki yfirvalda gagnvart almenningshlutanum, eins og t.d. að hafa opið á laugardögum. Mikill erill á safninu á skólatíma og enginn vinnufriður.

Í tengslum við eins konar íbúðir/þjónustumiðstöð aldraðra, þá verður byggð miðstöð þar sem almenningsbókasafnið á að vera. Uppskipti safnkosts verður ekki vandamál, því bækur hafa verið skráðar á sitt hvort safnið.

Umræður.

Spurt var um fjárveitingar, þær eru alveg aðskildar. Fram kom að vegna skorts á vinnufriði í samsteypusöfnum, erill á

skólatíma, þá færu bókaverðir oft með vinnuna heim!

Rætt var um samsteypusafn í Kópavog, Lindasafn.

Þar var oskað eftir útibúi í suðurhluta bæjarins. Boðið var upp á rými í Digraneskirkju en því var hafnað. Þá kom til greina að fá inni í Lindaskóla. Þar er mikil uppbygging. Hugsunin var að safnið mundi sprengja utanaf sér og ráðamenn sæu þörfina fyrir nýtt almenningsbókasafn. En það gerðist ekki, fólk vill síður fara inn í skóla til að sækja sér þjónustu.

Nú er allt sem keypt er fyrir almsafnið eyrnamerkt safninu, en fyrst var það ekki gert. Samstarfið er gott, en aðstaðan slæm. En nú er verið að undirbúa vinnu við nýtt safn, í Kórahverfi. Þar á að byggja íþróttaakademíu ofl. Óskað hafi verið eftir því á sínum tíma að fá útibú í Smáralind, en ekki var orðið við því.

Fram kom að ráðamenn sveitarfélaga sjá ekki tilganginn með skólasafni, og skilja ekki rekstur t.d. þriggja safna í sama sveitarfélagi (2 skólasöfn, 1 almenningsbókasafn).

Sagðar voru fleiri reynslusögur, þá ekki síst af lélegum aðbúnaði skólasafna og ltlum skilningi skólafyrvalda.

Í Fjarðarbyggð gengur samvinna vel. Eitt safn þjónar báðum og almbs er þar í yfirstöðu. Gengur einnig vel í Bolungavík og víðar.

Hrafn óskaði þess að á sérstökum fundi yrðu þessi samsteypumál rædd, skipst á reynslusögum og skoðunum, og reynt að festa hendur á því hverjar forsendurnar eru fyrir að svona samstarf takist, og öfugt.

Fundarstjóri varpaði því til stjórnar að þessi umræða yrði eitt af umræðuefnum vorþings.

6. Anna Torfadóttir borgarbókavörður: Draumabókasafnið, nýir miðlar, nýjar leiðir. Eða: Draumabókasafnið, blendingsbókasafnið, bókasafn án landamæra. (The hybrid library). Blendingsbókasafn (Bókasafn tveggja heima) = raunbókasafn og sýndarbókasafn.

Við þurfum að hugsa þannig að við séum hluti af samfélaginu og hluti af fleiri kerfum – helst án landamæra.

Draumabókasafnið þar sem allt gengur upp og allir eru glaðir og alltaf eitthvað nýtt og ferskt. Alltaf að breyta og flytja.

Forsendur breytast hratt. Vera öðruvísi, ekkert endilega alveg eins og allir hinir. Prófa eitthvað nýtt og læra af

mistökum. Breytingar laða fram nýja möguleika hjá starfsmönnum, eitthvað sem þeir vissu ekki að þeir byggju yfir.

Yndislestur skiptir miklu máli, hætta er á að fólk tynist í tölvunum.

Bókasöfn eiga að vera orkustöðvar og heilsuhæli.

Ekki er nauðsynlegt að öll söfn séu eins, allur búnaður eins. Í því sambandi sagði Anna frá safni sem var með arkitekt í 25% starfi. Gæti verið sniðugt?

Í söfnunum þyrfti að vera möguleiki á rannsóknavinnu eða faglegu starfi utan þess daglega, fara á námskeið, læra

eitthvað nýtt, taka þátt í erlendu samstarfi. Fólk er lítið í því hér. Því ekki fá styrki frá atvinnulífnum, einhverjum

fyrirtækjum til að hringa verkefnum í framkvæmd? Sagði í því sambandi frá barnabókasafni í Kulturhuset í

Stokkhólmi sem byggir á Montessori-kenningum. Þetta þýðir í bókasafni að Dewey er slátrað og umbúnaður verður allur annar.

Allir starfsmenn almenningsbókasafna eiga að vera lestrarhestar!! Anna segist ekki alltaf hafa verið á þeirri skoðun.

Söfnin eiga einnig að vera menntunarstöðvar - námsver. Starfsmaður hjálpar við að afla gagna, er

bókasafnsfræðingur, hjálpar til sjálfshjálpar.

Ákveðin tilvistarkreppa ríkir í upplýsingatækni almenningsbókasafna, hver er markhópurinn? Þarna koma etv námsverin/menntunarstöðvar inn og leysa þessa kreppu. Verið að hjálpa almenningi.

Skil milli sýndar- og raunbókasafns ættu að verða minni, landamærin opin, nýta það besta úr safnkosti beggja.

Bókasafn án landamæra – má út landamæri milli starfsmanna og gesta. Svona breytingar taka tíma.

Bókasafnið þarf að vera sýnilegt alls staðar, bókmenntagöngur, íbúaping osfrv. Troða sér alls staðar.

Opinn hugur – opin hús.

Anna lauk máli sínu á því að sýna myndir af ýmsum bókmenntalegum uppákomum.

Hrafn þakkaði Önnu fyrir ferskustu ræðu og mestu hugvekju sem heyrst hefur á þingi bókasafna á Íslandi.

Kaffihlé.

7. Ingibjörg M. Magnúsdóttir, Amtsbókasafnið á Akureyri: Lestrarmælirinn eða Lestrarstiginn.

Að uppruna þýskt tæki til lestrarhvatninga, mælir úr harðplasti, 150 cm langjur, fyrir börn að 10 ára aldri. Á stiganum eru stuttar klausur, sem segja til hvað væri hentugt að lesa fyrir börn á hvaða aldri. Foreldrar eiga að geta áttað sig á læsi barna sinna ofl. Bæklingur fylgir með uppástungum að lesefni.

Hugmyndin er að hvetja til lestrar og læsis á óhefðbundinn hátt. Ná til allra þeirra sem koma að uppeldi. Stiginn settur upp þar sem foreldrar eða forráðamenn koma með börnin sín og setjast niður, biðstofur, leikskólar ofl. Þar sem þarf að bíða og stiginn grípur athygli. Auðvitað líka inni á bókasöfnum.

Verðið er 73.000 fyrir hundrað stykki, 92.000 með merki bókasafnsins. Hægt að fá pappírstiga fyrir hvert barn, sem fyllir út ýmislegt persónulegt. Verð ekki vitað.

Þýðing er í startholum og væri ekki lengi gert að drífa af íslenska útgáfu ef söfn sýna þessu áhuga. Það er að sjálfsgöðu forsenda.

Lagt til að sett verði inn á Fínu upplýsingar um þetta, og kynnt betur

Upplýst var að félagið stæði straum af kostnaði við að fá eina sendingu til prufu.

Því var komið á framfæri þegar hér var komið sögu, að ekki allir forstöðumenn úti á landi sem vissu af þessum fundi hér í dag, hvatt var til þess að félagið væri kynnt reglulega.

8. Hulda Björk Þorkelsdóttir tók til máls í fjarveru Hólmkels.

Sveitarstjórnnum er skylt að halda úti bókasafnsþjónustu, réttur almennings er að nota þessa þjónustu þegar hann vill.

Hulda skipti fundarmönnum í hópa til umræðna um það hvaða málefni eru brýnust í almenningsbókasöfnum í dag.

Hópur 1:

1. Þróunarsjóðurinn, litið björtum augum til hans, fá að taka þátt í mótun hans, hann myndaði brú milli ríkisvalds og bókasafna.

2. Laga ímynd bókavarða, sbr lýsingar í nýju starfsmati, sem er út í hött.

3. Auka læsi, sbr. lestrarstiginn.

Gömlu gildin gilda enn, ekki hætt að lesa sér til yndisauka.

Hópur 2:

Samvinna milli safna og stofnana innan sveitarfélaga.

Upplýsa sveitarstjórnarmenn um söfnin, hvað þau geta og hvað þau gera.

Námsver – mjög spennandi kostur.

Endurnýjun – við erum fremst í kapphlaupinu, smart og flott, höldum okkur þar. Þarf stanslaust að leita að nýjungum og endurnýjun.

Hópur 3:

Vinna að því að koma í veg fyrir ótímabæran dauða bókasafnsins, stíga út úr fornu hlutverki, styrkja innviði og tengjast sem mest öðrum menningarstofnunum sveitarfélaganna. Vera eins og háfur sem veiðir notendur inn á söfnin.

Lestur er kjarninn.

Námsverin inn í bóksasöfnin.

Áhersla á alla aldurshópa

Símenntun mikilvæg.

Almenningur er okkar viðskiptamenn og markhópur.

Jafna aðstöðu til að afla fróðleiks og þekkingar + yndislestrar

Fólk út úr söfnunum, ekki bara með bækur, heldur eitthvað í huganum.

Menningarmiðstöð, iðandi mannlífstorg. Ekki þó bara menning, heldur verslun, fyrirtæki, tala við Björgólf eða Jóhannes og hrinda í framkvæmd hugmyndum.

Framtíðin, sú kynslóð sem er að eldast nú verður kröfuharður notandi.

Lengi býr að fystu gerð, ná í börnin sem fyrst í grunnskólanum.

Hópur 4

Kynningarmál sífellt í brennidepli, kynna bókasöfn uppávið í stjórmsýsluna og út til íbúanna, hvaða þjónustu fá þeir þar?

Tilbúin að bjóða okkar þjónustu, ekki vera feimin við það.

Umræður.

Rætt að taka starfsmatslýsingar til umræðu á netinu.

Á kvennafrídaginn 24. okt. leggja konur niður vinnu kl. 14.08 og mæta til dagskrár í Reykjavík.

Rætt var að halda áfram umæðunni um framtíðarmálin á vofundi og gefa henni betri tíma.

Millireykjasambandið hefur auk annarrar samvinnu haft samstarf á sviði símenntunar og haldið sameiginlega fyrirlestra ofl. Eins er með samnýtingu á bæklingum ofl.

Sparnaður og góð samvinna.

Borgarbókasafn hefur boðið Mosf. og Seltj á fyrirlestra, og á auk þess í samstarfi við aðrar stofnanir Rvíkurborgar.

Rætt var um gegnisskírteinin sem eru ómerkt að öðru leyti en Gegnir.is. Fundurinn fer fram á það við Landskerfi að á skírteinin verði sett Bókasafnsskírteini. Hrafn vill hafa Lánskort í stað Bókasafnsskírteini. Grindavík vill hafa: Samþykki reglur safnsins.

Talað var um skýrslugerð og tölfræði á heimasíðu Landskerfis. Þær tölur sem sjást á heimasíðunni eru skv. Árna Sigurjónssyni ekki réttar; ófremdarástand. Hefur verið beðið um fund Árna og forstöðumanna safna um þessi mál.

Send verður fyrirspurn til Alefnis um þessi mál.

Spurt var um vefbókasafnið. Að hvert safn gæti séð sjálft um heimasvæði sitt, bætt og breytt. Hulda Björk, formaður í félagi vefbókasafnsins, sagði að á næsta aðalfundi yrði tekin ákvörðun um það hvort þetta verkefni mun lifa eða ekki.

Hún var beðin að senda inn á Fínu uppl. um aðalfundinn. Í gangi er óformleg könnun á notkun vefbókasafnsins.

Núverandi stórn leggur til að haldið verði áfram á öðrum forsendum, félögum fjölgað og styrktaraðilum líka. Fleiri komi að vinnslu verksins. Að vefbókasafnið haldi áfram, því það er eitt besta tækið til að jafna aðstöðu almennings til fræðslu og upplýsinga. Skv. Upplýsingastefnu ríkisstjórnar eiga söfnin enn að brúa bilið milli þeirra sem hafa færni í upplýsingatækni og hinna sem ekki hafa það.

Spurt var hvort forstöðumenn væru til í vistaskipti milli safna, að skipst væri á starfsmönnum. Allir til í það.

Vofundurinn er talinn verða á Akureyri.

Fundi slitið kl. 17.00 og Mörtu þakkað fyrir að hýsa fundinn.

Helga Jónsdóttir fundarritari